

Mánudaginn 23. október 1995.

Nr. 348/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Michael Paul Rimmer

(Ásgeir Á. Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. október sl. um farbann yfir varnaraðila allt til föstudagsins 27. október 1995 kl. 16.00. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili skaut málinu cinnig til Hæstaréttar með kæru 19. október sl. Krefst hann þess, að varnaraðila verði bönnuð för úr landi allt til kl. 22.00 miðvikudaginn 1. nóvember nk.

Hinn 17. október sl. felldi Hæstiréttur úr gildi úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald yfir varnaraðila vegna grunar um brot á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Í dómi Hæstaréttar segir, að ekki hafi verið sýnt fram á, að þörf sé á gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila í þágu rannsóknar málsins, sem eftir gögnum þess sé vel á veg komin. Jafnframt var talið, að ekki væri þörf á gæsluvarðhaldi til að tryggja nærveru varnaraðila, enda aðrar og léttbærari aðferðir tiltækar í því skyni. Af hálfu varnaraðila er því haldið ífram, að með þessum dómi hafi verið lagt endanlegt mat á það, hvort þvingunarúrráðum XIII. kafla laga nr. 19/1991 verði beitt gegn honum. Með umræddum dómi Hæstaréttar var ekki tekin frekari afstaða til málsins en kröfugerð sóknaraðila gaf tilefni til. Verður því ekki fallist á þessa röksemd varnaraðila.

Varnaraðili er breskur ríkisborgari, búsettur í Englandi. Hann hefur staðfest fyrir dómi þá ætlun sína að halda af landi brott, en

hyggst koma til landsins aftur, þegar málið verður tekið til meðferðar fyrir dómi. Fallast verður á það með sóknaraðila, að nauðsynlegt sé að tryggja nærveru varnaraðila, meðal annars í ljósi þess, að rannsókn málsins mun ekki vera að fullu lokið. Verður honum því meinuð brottför af Íslandi, sbr. 110. gr. laga nr. 19/1991. Farbannið skal gilda allt til kl. 22.00 miðvikudaginn 1. nóvember 1995.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, Michael Paul Rimmer, er meinuð för úr landi allt til kl. 22.00 miðvikudaginn 1. nóvember 1995.